



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 122/2161
komudagur 8.5.'98

Formaður Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis
b.t. Gunnars Jakobssonar nefndarritara
Nefndarsviði Alþingis
Þórshamri v/Tempalarasund
150 Reykjavík

Kópavogi 5. maí 1998
93/98/GB/ga

Hjálagt fylgir umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um dánarvottorð sem unnin er af prófessor Gunnlaugi Geirssyni.

Tilgangur endurskoðunar laganna er væntanlega sá að færa eldri lagasetningu í nútímalegt horf. Lagasetningunni ber að sjá til þess að ákvarðanir um rannsókn dauðsfalla sé hafnar yfir einstaklingsbundið viðhorf, hentisemi eða leyfi yfirhylmingu. Markmið lagsetningar um rannsókn skyndilegra, óskírðra og vofveiflegra dauðsfalla og ritun dánarvottorða hlýtur að vera að gæta réttaröryggis borgarana, og að skilgreina vofveiflegar dánarorsakir.

Með kveðju

e.v. Guðmundur Björnsson

Guðmundur Björnsson
formaður

Tillaga Gunnlaugs Geirssonar, prófessors í réttarlæknisfræði að athugasemdum við “frumvarp til laga um dánarvottorð og fleira”, sem lagt er fyrir alþingi á 122. löggjafarþingi 1997-1998.

Rétt þykir að gera athugasemd við nafn þessa lagabálks, þar sem þungamiðja hans er rannsókn á dauðsföllum en skráning dánarvottorða þykir (þrátt fyrir mikilvægi slíkrar skráningar) ekki hafa sama vægi. Lagt er til að hugtakið voveiflegur dauði verði ekki lagt niður og að nafn laganna verði “Lög um rannsókn voveiflegra og óvæntra dauðsfalla og ritun dánarvottorða”.

Ad.1.gr. Í núgildandi lögum er fyrirvari um þá, sem látast en lík finnst ekki og ekki eru rituð dánarvottorð í slíkum tilvikum. Gilda þar um lög um horfna menn. Telja má að efni séu til þess að vísa til þess með viðbót sökum þess að í frumvarpinu segir: “Rita skal dánarvottorð fyrir hvern mann, sem deyr hér á landi.

Einnig ber að vísa til þeirra manna, sem deyja erlendis, á höfum úti eða í lofti, svo og um líkamsleifar, sem ekki verða borin á kennsl (sbr. rannsóknanevnd til að bera kennsl á látna menn í reglugerð 433, 1988 - ID-nevnd), en vera má að ætlunin sé að skilgreina viðbrögð við tilvikum að þessu tagi í reglugerð.

Tillaga: Um horfna menn gilda sérlög.

Ad.2.gr. Í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að önnur grein, sem hér um ræðir sé framhald af lögum um ákvörðun dauða og lög um brottám líffæra og krufningar sbr. 1. gr. fyrirnefndu laganna, þar sem segir: “það er hlutverk læknis að ákvarða um dauða manns og rita dánarvottorð”. Kemur til álita að endurtaka þessa setningu til áherslu.

Tillaga: Læknir úrskurðar mann látinn, skoðar lík og athugar hvernig andlát hefur borið að, dauðaskilmerki og líklega dánarorsök.

Ad.3.gr. Um tilkynningaskyldu til lögreglu þykir rétt að gera athugasemd við 4. gr. þar sem segir að andist maður í fangelsi eða öðrum áþekktum stað ber að tilkynna það til lögreglu. Ekki þykir nægilega skýrt kveðið á í lögnum þar sem segir “á öðrum áþekktum stað”. Hér virðist ætlunin vera að vísa til þess er maður deyr í kringumstæðum þar sem sjálfræði hans er skert eða í beinu framhaldi af slíkri vist. Lagt er til að í staðinn komi:

Tillaga: Ef maður andast í eða skömmu eftir að vera laus úr vistun í fangelsi eða annarri stofnun, þar sem hann hefur dvalið vegna afplánunar refsingar, geðsjúkdóms eða vanþroska

Ad.4.gr. Ákvæði um réttarlæknisfræðilega líkskoðun verða óskýr þar sem segir: “Slík skoðun (réttarlæknisfræðileg líkskoðun) skal að jafnaði gerð nema:
1. Andlát beri svo löngu að eftir slys að lögregla telji slíka skoðun óþarfa í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga” eða

2. Lögregla og læknir eru sammála um að dauðdaginn hafi verið eðlilegur.

Í lið 1. er óljóst hversu löngu eftir slysið og hvers eðlis slysið var til þess að sleppa megi réttarlæknifræðilegri líkskoðun og í lið 2. er heimild sem skerðir þá öryggisráðstöfun að ákvörðun um rannsókn dauðsfalls sé hafin yfir hentisemi. Þetta mun ótvírætt fjölga tilvikum frá því sem verið hefur þar sem réttarlæknisfræðilegar rannsóknar verður ekki krafist. Ef ákvæði laganna verða á þessa lund ber að kveða á um hvernig bregðast skuli við ef klögumál ættingja eða önnur álitaefni varðandi dauðsfallið koma upp síðar, því fullvist er að slík mál munu rísa.

Tillaga: Heimilt er að sleppa réttarlæknisfræðilegri líkskoðun í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga og ber lögregla ábyrgð á að því að slíkar upplýsingar liggi fyrir ef til eftirmála um rannsókn dauðsfallsins kemur.

Varðandi þriðja lið er spurning hvort tölustafurinn 3 eigi ekki að falla brottu.

Ad.5.gr. Grein þessi er í raun samhljóða því, sem segir í lögum um brottmál líffæra og krufningar og því nánast óþörf.

Sérstaklega má geta þess að í setningu þeirri, sem segir "lík má ekki kryfja fyrir en a.m.k. 6 klst eftir að nánasta venslamanni var tilkynnt um krufningu, nema hann hafi samþykkt hana fyrir" er afar torskilið bæði er varðar orðalag og tilgang.

Tillaga: 5. grein falli niður eða vísi til nógildandi laga um krufningar.

Ad.6.gr. Þessi grein frumvarpsins um réttarkrufningu fellir út hugtakið "voveiflegt dauðsfall", sem var gagnlegt til skilgreiningar í nógildandi lögum. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir því að ákvörðun um réttarkrufningu sé í höndum lögreglu svo sem í nógildandi lögum. Sú stefna hefur ríkt að gera réttarlæknisfræðilega krufningu þegar dauðsfall er óútskýrt, enda þótt líklegt sé að banameinið sé á grundvelli sjúkdóms (sbr 6. grein reglugerðar nr. 24 frá 1936 um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, sem kveður afdráttarlaust á um undir hvaða kringumstæðum þurfi að gera réttarkrufningu). Lagt er til að leitast verði við að halda þeirri stefnu sem áður með því að umrædd grein verði afdráttarlausari þannig að í stað þess sem segir í öðrum lið "með viðunandi hætti" komi "með vissu".

Tillaga: Þegar dánarorsök verður ekki með vissu ákvörðuð með réttarlæknisfræðilegri líkskoðun.

Ad.7.gr., 8.gr., 9.gr.,10.gr., 11.gr., 12.gr., og 13.gr.: Engar athugasemdir.

Varðandi 14.gr. skal tekið fram að nauðsynlegt er að reglugerðir þær sem mælt er fyrir í 14.gr. verði settar hið bráðasta, svo föst skipan komi á framkvæmd þessara mála. Hugtakið "réttarlæknisfræðileg líkskoðun" er nýmæli hérlendis og ber að skilgreina svo sem fyrir er mælt í 14. grein frumvarpsins og ákvæði um réttarkrufningar eru mjög brýnar þar eð æskilegt er að færa þá starfsemi í fastara horf en nú er.